

Mánudaginn 12. apríl 1948.

Nr. 85/1947. Jón P. Leví (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

**Hreppsnefnd Fremra-Torfustaðahrepps f. h.  
hreppsins og hreppsnefnd Ytra-Torfustaða-  
hrepps f. h. hreppsins.**

(Hrl. Theódór B. Lindal).

Greiðsla fjallskilasjóðsgjalds.

### Dómur hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur með stefnu 18. ágúst 1947 skotið máli þessu til hæstaréttar og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu, sem fengið hafa gjafvörn fyrir hæstarétti, krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Samkvæmt 15. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12/1927 skulu hreppsnefndir sjá um notkun afrétta hreppsins og um fjallskil, eftir því sem reglugerðir um fjallskil ákveða. Eftir 41. gr. sömu laga semja sýslunefndir fjallskilareglugerðir, er síðan skulu staðfestar af ráðherra. Í 13. gr. reglugerðar fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. nr. 121/1940 er svo mælt, að allt sauðfé sé fjallskilaskylt, hvort sem það er á fjalli eða ekki. Þessi regla er á því reist, að sveitarstjórn um er skylt að annast smölun afrétta, án tillits til þess, hvort fleira eða færri fé er þangað rekið. Fer reglan ekki í bág við lög né grundvallarreglur laga, og ekki verður talið, að það leysi áfrýjanda undan fjallskilaskyldu gagnvart sveitarstjórn, þó að honum sé meinað af ríkisvaldinu að nota afrétt vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir útbreiðslu sauðfjársjúkdóma. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en að laun skipaðs talsmanns stefnda, kr. 600.00, greiðist úr rikissjóði.

Fógeti hefur, andstætt ákvæðum 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936, látið ódæmdar málskostnaðarkröfur aðilja. Verður að vita þetta.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en málflytningu-laun skipaðs talsmanns stefndu, Theódórs B. Línalds hæstaréttarlögmans, kr. 600.00 greiðist úr rikissjóði.

Úrskurður fógetadóms Húnavatnssýslu 18. júlí 1947.

Friðrik Arnbjarnarson hreppstjóri og oddviti, Stóra-Ósi, hefur, f. h. Fjallskilasjóðs Torfustaðahreppa, krafizt lögtaks hjá Jóni P. Levi bónda að Heggstöðum í Ytri-Torfustaðahreppi til tryggingar og lúkningar ógreiddum fjallskilasjóðsgjöldum hans frá árinu 1945, að upphæð kr. 573.00, auk 6% vaxta frá 1. janúar 1946 að telja og málskostnaði að skaðlausu.

Gerðarþoli og umboðsmaður hans hafa mótmælt því að gerðarþola beri skylda til að greiða hið umkrafða gjald og neita að greiða það og mótmæla því jafnframt, að gerðin verði látin fara fram. Byggja þeir neitun sína á þeim rökum, að gerðarþoli hafi hvorki mátt reka né rekið nokkurt sauðfé á afréttir Torfustaðahreppa árið 1945. Sé því fjarstæða að krefja hann um fjallskil af fé, sem hann varð að hafa í heimahögum.

Samkvæmt reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 24. júlí 1940, 13. gr., sbr. 9. gr., er allt sauðfé á svæði því, er umrædd fjallskilareglugerð nær til, fjallskilaskyldt, án tillits til þess, hvort það er rekið á fjall eða ekki. Fjáreigandi, sem ekki rekur fé sitt á afrétt, er eftir sem áður skyldur til að greiða full fjallskil af því. Og þar sem slíkt athæfi, að hafa fé í heimahögum, er brot á ákvæðum 9. gr. reglugerðarinnar, varðar það hann sektum samkvæmt 60. gr. sömu reglugerðar, ef kært er yfir verknaði hans. Þau rök gerðarþola, að honum hafi af tilgreindum ástæðum verið óheimilt að reka féð til afréttar, geta eftir atvikum gert hann vitlausan af sektarákvæðum 60. gr. fjallskilareglugerðarinnar, en leysa hann á engan hátt undan þeirri skilyrðislausu kvöð að inna fjallskil af höndum í hlutfalli við fjártölu sína. En sú kvöð byggist meðal annars á því, að jafnvel þó að allir fjáreigendur hefðu fé

sitt í heimahögum, yrði að leita afréttir fjallskilasvæðisins eftir sem áður með sama eða nálega engu minni tilkostnaði. Öllum býlum á fjallskilasvæði Torfustaðahreppa fylgir réttur til að reka ótakmarkaða tölu sauðfjár og hrossa á afréttir hreppanna, en á móti kemur sú kvöð að leita afréttirnar, sem sameign hreppsúa, og inna önnur fjallskil af höndum. Hingað til hefur þátttaka búenda og annarra fjáreigenda verið miðuð við sauðfjár- og hrossaeign eingöngu, en síðustu árin hefur vegna fjárfæðar og fjárauðnar komið mikið til tals að miða fjárskilin einnig við annan búpening, svo og matsverð jarða að nokkru. En þar sem menn gera sér von um, að fjárskipti fari fram á næstunni og eðlilegur fjárbúskapur hefjist þá að nýju, hafa menn hikað við að breyta verulega aldagömlu skipulagi fjallskilamálanna, aðeins til þess að mæta erfiðleikum líðandi stundar, sem vonir standa til að hverfi úr sögunni mjög bráðlega.

Fógetarétturinn litur því svo á, miðað við ákvæði 9. og 13. gr. fjallskilareglugerðar Vestur-Húnavatnssýslu, að gerðarþoli geti ekki krafizt undanþágu frá því að inna fjallskil af höndum af fé sínu, þótt það hafi ekki verið rekið á afrétt. Verður samkvæmt því að telja rétt, að lögtaksgerðin nái fram að ganga.

#### Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að njóta framgangs.

Miðvikudaginn 14. apríl 1948.

Nr. 12/1947. Dráttarbraut Keflavíkur h/f  
(Hrl. Magnús Thorlacius)  
gegn

Ágústi Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni og  
gagnsök (Hrl. Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skaðabætur vegna galla á seldum bát.

#### Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. febrúar f. á., krefst þess, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.